

Golfklúbburinn Setberg

Setbergi

221 Hafnarfjörður

www.gse.is



Ársskýrsla

2021

Setbergi 7. desember 2021

Skýrsla formanns

Tuttugasta og sjöunda starfsári Golfklúbbsins Setbergs er nú lokið og verður hér getið þess helsta sem gerðist á árinu 2021.

Veður og vallarmál

Völlurinn var í frábæru ástandi í sumar eins og síðastliðin ár. Völlurinn kom vel undan vetri og flatirnar voru sem fyrr mjög góðar. Flatirnar voru í mjög góðu ástandi í haust og ekkert sem bendir til annars en að þær verði áfram góðar á næsta ári. Flatir Setbergsvallar skera sig svolítið úr þegar kemur að samsetningu grastegunda miðað við aðra velli á höfuðborgarsvæðinu. Í mörgum flötum vallarins er mjög hátt hlutfall hálíngresis (*Agrostis capillaris*) og til þess að gera lítið af varpasveifgrasi (*Poa annua*). Língresi eru fingerð og falleg grös sem henta einkar vel í golfflatir. Náfrændi hálíngresisins er skriðlíngresið, sem er algengasta grastegundin sem notuð er í golfflatir í Bandaríkjunum. Allt viðhald miðar að því að halda sem hæstu hlutfalli língresis í flötunum, sem gengið hefur vel undanfarin ár.

Klúbburinn sá um alla umhirðu á vellinum.

Endurnýjaður var ráðgjafarsamningur við Bjarna Hannesson sem stýrði áburðar- og lyfjagjöf ásamt því að halda námskeið fyrir starfsmenn á vellinum.

Árlegur hreinsunardagur var haldinn í maí. Fjöldi félaga mætti og tók til hendinni.

Veðrið var frekar leiðinlegt síðastliðið sumar sem kom niður á aðsókninni á völinn.

Kosning um rástímaskráningu

Í samræmi við ákvörðun á síðasta aðalfundi var ákveðið að kjósa um það hvort tekin yrði upp rástímaskráning á Golfbox eða hvort notast yrði við kúlustandinn til að ræsa út á teig. Mjög margir félagar tóku þátt í kosningunni og varð niðurstaðan að taka upp rástímaskráningu á Golfbox.

Áburðar- og lyfjagjöf á flatir á árinu

Köfnunarefni var úðað í formi Amóníum sulfats og Urea. Heildarköfnunarefnismagn var um 70 kg á hektara. Járni var bætt við flestar áburðargjafir til þess að vinna gegn mosa í flötunum.

Notast var við Primer Select vatnsmiðlunarefni á flatir og Primo Max sem vaxtastjórnunarefni. Brugðist var við sýkingum á völdum svæðum í flötum í sumar ásamt því að gefa eina lyfjagjöf í vetur til að verja flatirnar yfir vetrarmánuðina, en sjúkdómar eru algeng ástæða kals í flötum.

Flatir voru sandaðar þrisvar sinnum yfir tímabilið.

Mikil áhersla var lögð á að vinna á mosanum í flötunum, m.a. með því að sá grasfræjum í mosann. Baráttan við mosann er langtíma verkefni, sem gengið hefur ágætlega. Til að mynda hefur náðst mjög góður árangur á annarri flöt, sem var fyrir nokkrum árum lítið annað en mosi, sérstaklega á haustin og vorin.

Vélar, tæki og framkvæmdir

Eldhúsið

Einn af þeim gámum sem var keyptur á síðasta ári var nýttur til þess að stækka eldhúsið. Í gámnum er aðstaða til þess að elda ásamt því að sett var upp salerni fyrir starfsfólk í golfskálanum. Gámurinn var tengdur við golfskálann. Klúbburinn keypti öll tæki sem þarf fyrir eldhúsið. Ákveðið var að eignfæra ekki allan þann kostnað sem féll til við uppbyggingu á þessari aðstöðu enda erfitt að meta verðmæti aðstöðunnar. Þegar búið verður að laga gáminn sem er við hliðina á eldhúsinu verður skoðað að fá

verðmat á aðstöðunni, sbr. athugasemd þar um í skýrslu fyrir árið 2020. Það lögðu margir hönd á plóg í verkefnum ársins og ber að þakka þeim öllum fyrir þeirra framlag. Iðnaðarmenn og fleiri hafa verið tilbúnir að aðstoða, í sjálfböðavinnu, í hinum ýmsu verkefnum.

Kaup á vélum, tækjum og fleira

Eftirfarandi tæki voru keypt síðastliðið vor:

- Toro 3250 teigasláttuvél.
- Teigavél – sem klúbburinn hafði á leigu.
- Flatasláttuvél – sem klúbburinn hafði á leigu.
- Traktor með ámoksturstækjum.
- Áburðardreifari.
- Kúlur fyrir æfingasvæðið. Kúlurnar eru með merki klúbbsins og verða teknar í notkun þegar æfingasvæðið opnar næsta vor. Thorship styrkti klúbbinn myndarlega með því að flytja kúlurnar án endurgjalds frá Kína og færur við þeim bestu þakkir fyrir.



Á myndinni má sjá Pétur Einarsson, gjaldkera í klúbbnum, á nýju teigasláttuvélinni. Sami háttur var hafður á og árið áður. Keypt var notuð, uppgerð vél frá sama aðila og seldi okkur flatasláttuvélina. Jónar Transport styrktu klúbbinn á ný með því að flytja vélina.

Vegurinn

Vegurinn upp að skálanum var lagaður að hluta. Gamla malbikið var tekið af og sá hluti malbikaður að nýju. Var þetta nokkuð mikil framkvæmd sem Haukur Guðmundsson hafði yfirumsjón með. Það eru mikil verðmæti fyrir klúbbinn að geta leitað til Hauks.

Setbergsvöllur í golfhermi

Klúbburinn fjárfesti í gögnum frá Loftmyndum sem gerði það kleift að setja Setbergsvöll upp í hermisforritinu TGC2019 sem gerir það kleift að spila völlinn í hermunum eins og Sky trak, Uneekor o.fl.

Rekstur

550 félagar eru nú skráðir í klúbbinn. Sala á flatargjöldum var svipuð og árið áður. Aðsókn í mót var svipuð og síðastliðin ár. Gerður var samningur við Golfklúbbinn Keili um innheimtu á árgjöldum.

Niðurstaða rekstrarins er mjög góð. Hagnaður er af rekstri klúbbsins og hafa eignir hans aukist en eins og áður er klúbburinn skuldlaus. Eignir klúbbsins eru um 49.400.000 kr. og þar af er 20.274.210 kr. innstæða á bankabók. Hagnaður ársins er um 9.200.000 kr. en eins og að framan greinir þá var ákveðið að eignfæra ekki nema lítinn hluta af kostnaðinum við eldhúsið. Klúbburinn greiddi sem fyrr leigu fyrir landið, að fjárhæð um 6.000.000 kr., sem er kostnaður sem aðrir golfklúbbar þurfa almennt ekki að bera.

Nýliðanámskeið, unglingastarf og golfkennsla

Í sumar var boðið upp á golfleikjanámskeið fyrir krakka. Á námskeiðinu var farið yfir sveifluna, stutta spilið, þúttin og helstu golf- og siðareglur. Ágæt þátttaka var á námskeiðinu.

Í framhaldi af golfleikjanámskeiðinu var boðið upp á æfingar á mánudögum og fimmtudögum. Vetraræfingar eru núna byrjaðar hjá krökkunum. Klúbburinn er með einn fastan tíma í inniaðstöðunni hjá Golfklúbbnum Keili ásamt því að krakkarnir hitta sveifluþjálfara einu sinni í viku. Við leggjum mikla áherslu á að byggja ofan á það starf sem hefur verið síðastliðið ár. Krakkarnir hafa tekið miklum framförum og er stefnan sett á að taka þátt í mótum á vegum GSÍ á næsta ári. Þar sem klúbburinn er ekki með inniæfingaaðstöðu og kennara í fullu starfi þá þurfum við að leigja aðstöðu af öðrum ásamt því að kaupa þjónustu PGA golfkennara. Ákveðið var að semja við Karl Ómar Karlsson PGA golfkennara sem verður sveifluþjálfari krakkanna í vetur. Enn fremur liggur fyrir að semja þarf við styrktarþjálfara. Við þurfum að tryggja að krakkarnir fái leiðbeiningar frá menntuðum aðilum með reynslu af svona uppbyggingarstarfi.

Ari Magnússon og Guðjón G. Daníelsson PGA golfkennarar sáu um golfkennslu hjá klúbbnum yfir sumarið. Voru þeir með nokkur nýliðanámskeið ásamt því að sinna einkakennslu. Þeir eru með aðstöðu í vetur hjá Golfklúbbi Kópavogs og Garðabæjar og geta félagar leitað til þeirra þar.

Mót

Klúbburinn hélt nokkur mót á árinu, tvö opin mót, meistaramót, bikarkeppni, kvennamót og nokkur innanfélagsmót. Bangsamótið var haldið í fjórða skiptið en þar leika konur á móti körlum. Þetta árið unnu karlarnir og er bangsinn því nú í bláum fötum.



Klúbbmeistari kvenna varð Valgerður Bjarnadóttir.

Klúbbmeistari karla varð Ólafur Hreinn Jóhannesson.



Bikarmeistari karla varð Daníel Kristinsson.

Bikarmeistari kvenna varð Elín Reynisdóttir.

Vinavellir

Gerðir voru vinavallasamningar við Golfklúbb Borgarness, Golfklúbb Suðurnesja og Golfklúbbinn Hellu.

Stjórn

Stjórn klúbbsins skipuðu Högni Friðþjófsson, formaður, Þórarinn Sófússon, varaformaður, Pétur Einarsson, gjaldkeri, Sigrún Eir Héðinsdóttir, ritari, Fríða Björg Leifsdóttir, Karl Ísleifsson og Elín Reynisdóttir, meðstjórnendur.

Nefndir

- **Upplýsinganefnd:** Elín Reynisdóttir, formaður, Högni Friðþjófsson og Sigríður Samúelsdóttir. Einar Hjaltason og Sigrún Eir Héðinsdóttir sáu um heimasíðuna www.gse.is.
- **Mótanefnd:** Árni Finnsson, formaður, Ágústa Hera Birgisdóttir, Arnar Björnsson, Högni Friðþjófsson og Pétur Einarsson.
- **Vallarnefnd:** Haukur Guðmundsson, formaður, Högni Friðþjófsson, Pétur Einarsson, Björn Eysteinnsson, Ágústa Hera Birgisdóttir og Sigurður Ben Guðmundsson.
- **Aganefnd:** Gunnlaugur Guðjónsson, formaður, Örn Andrésson, Þórarinn Sófússon, Arna Rún Oddsdóttir og Elísabet Gunnarsdóttir.
- **Forgjafarnefnd:** Einar Sigurðsson, formaður, Karl-Johan Brune, Sigrún Eir Héðinsdóttir, Valdimar Axelsson og Pétur Einarsson.
- **Kvennanefnd:** Ágústa Hera Birgisdóttir, formaður, Guðný Ósk Hauksdóttir og Sigríður Lilja Samúelsdóttir.
- **Framtíðarnefnd:** Hörður Þorsteinsson, formaður, Kristín Hrönn Guðmundsdóttir, Jóhann Gunnarsson, Björn Eysteinnsson, Arna Rún Oddsdóttir og Hrafn Guðlaugsson.
- **Dómaranefnd:** Karl-Johan Brune formaður, Sigrún Eir Héðinsdóttir, Elísabet Gunnarsdóttir, Elín Reynisdóttir og Högni Friðþjófsson.
- **Karlastarfið:** Árni Björn Erlingsson, formaður, Arnar Björnsson og Jón Karl Björnsson.
- **Öryggisfulltrúi:** Karl-Johan Brune.
- **Persónuverndarfulltrúi:** Fríða Björg Leifsdóttir.

Hola í höggi

Steinþór Stefánsson, Birgitta Ósk Valsdóttir, Ómar Örn Aðalsteinsson og Helga Sigurðardóttir fóru hola í höggi á annarri holu samkvæmt upplýsingum á heimasíðu Einherjaklúbbsins en kylfingar sjá sjálfir um að tilkynna afrekið.

Sveitakeppni GSÍ

Karlasveit klúbbsins spilaði í 2. deild í sveitakeppni GSÍ og fór hún fram hjá Golfklúbbi Kiðjabergs. Sveitina skipuðu Hrafn Guðlaugsson, Ólafur Jóhannesson, Þorsteinn Erik Geirsson, Hjörtur Brynjarsson, Gunnsteinn Jónsson, Helgi Þórisson, Sigurður Óli Guðnason og Styrmir Guðmundsson. Liðsstjóri var Hrafn Guðlaugsson. Sveitin endaði í fjórða sæti og leikur því áfram í 2. deild á næsta ári.



Kvennasveit klúbbsins í öldungaflokki spilaði í 2. deild í sveitakeppni GSÍ og fór hún fram hjá Golfklúbbi Sandgerðis. Sveitina skipuðu Herdís Sigurjónsdóttir, Lovísa Hermannsdóttir, Valgerður Bjarnadóttir, Herdís Hermannsdóttir, Jóhanna Sveinsdóttir og Helga Ívarsdóttir. Heiðrún Harpa Gestsdóttir var liðsstjóri.

Karlasveit klúbbsins í öldungaflokki spilaði í 2. deild í sveitakeppni GSÍ og fór hún fram hjá Golfklúbbi Vestmannaeyja. Sveitina skipuðu Árni Þór Freysteinnsson, Sigurjón Sigmundsson, Árni Jón Eggertsson, Ólafur Haukur Guðmundsson, Sigurður Óli Guðnason, Árni Björn Erlingsson, Héðinn Gunnarsson og Guðmundur Stefán Jónsson. Jón Karl Björnsson var liðsstjóri. Sveitin hélt sæti sínu í deildinni.

Starfsmenn klúbbsins


Albert Albertsson, Þorsteinn Erik Geirsson, Róbert Björnsson, Arnar Árnason og Friðþjófur Einarsson voru starfsmenn á vellinum.

Ágústa Hera Birgisdóttir var framkvæmdastjóri á skrifstofu. Elma Karen Gunnarsdóttir og Hrefna Högnadóttir voru starfsmenn á skrifstofu. Edda Sigríður Hólmsteinsdóttir leysti af í haust.

Um rekstur á golfskála sá sem fyrr Sigríður Lilja Samúelsdóttir.

Skoðanakönnun Gallup

Golfsamband Íslands lét Gallup framkvæma skoðanakönnun þar sem skoðað var viðhorf kylfinga til ýmissa þátta er varðar golfiðkun og þróun þar á. Hér fyrir neðan má sjá helstu svör vegna klúbbsins en spurt var, á heildina litið, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með eftirfarandi atriði hjá þínum golfklúbbi?



Það er gaman að sjá hversu vel félögum líkar við vallarsvæðið almennt, umhirðuna og félagsandann.

Helstu framkvæmdir framundan og fjárfestingar

Á næsta ári þarf að klára geymslu fyrir golfsett, laga æfingasvæðið, s.s. með því að koma fyrir skýli og kaupa nýjar mottur, laga brýrnar, laga nokkra teiga og bæta aðstöðuna almennt. Þá þarf að fjárfesta í vinnu vegna framtíðarsvæðis klúbbsins.

Huga þarf að því að kaupa nýja sláttuvél til að slá brautir, vinnugolfbíl og tæki til þess að tína upp golfkúlur.

Í fjárfestingaráætlun fyrir næsta ár er m.a. gert ráð fyrir framangreindum atriðum.

Framtíðarsvæði fyrir starfsemi klúbbsins

Áfram var unnið í því að tryggja framtíðarsvæði fyrir klúbbinn. Fulltrúar klúbbsins ásamt framkvæmdastjóra og formanni Golfklúbbsins Keilis héldu kynningu fyrir skipulagsnefnd Hafnarfjarðarbæjar þann 9. mars síðastliðinn. Framsögu á fundinum hafði Edwin Roald sem hefur 20 ára reynslu af hönnun golf- og útivistarsvæða.

Það svæði sem verið er að horfa til sem framtíðarsvæðis klúbbsins eru helst svæði innan Hafnarfjarðar sem samkvæmt aðalskipulagi eru merkt Íþ9 og Íþ7.




Svæðið hentar mjög vel undir golfvöll og aðra íþróttastarfsemi. Á svæðinu er mikið magn af efni sem mætti nýta til þess að byggja upp brautir í hrauninu. Tveir golfvallahönnuðir skoðuðu svæðið á árinu og var það mat þeirra beggja að á svæðinu sé hægt að byggja glæsilegan golfvöll.

Hugmyndin hefur frá upphafi verið að á svæðinu verði byggt fjölnota íþrótt- og útivistarsvæði.

Dæmi um myndir úr kynningu Edwins Roalds af slíkum svæðum:



Í kynninguna settum við inn mynd af svæðinu Íþ9 þar sem búið var að setja inn 9 holur, sem gæti mögulega verið fyrsti áfanginn í uppbyggingu á svæðinu.



Samkvæmt gildandi aðalskipulagi Hafnarfjarðar á að vera golfvöllur á svæðinu sem er merkt Íþ9.

Allir nefndarmenn í skipulagsnefnd Hafnarfjarðar tóku vel í erindi klúbbanna. Næstu skref hjá sveitarfélaginu eru að mati klúbbsins að hefja vinnu á deiliskipulagi á svæðinu.

Í tillögu um framkvæmdaröð nýrra verkefna í uppbyggingu íþróttamannvirkja 2021 – 2030 sem lögð var fram og samþykkt á þingi Íþróttabandalags Hafnarfjarðar í nóvember síðastliðnum er verkefnið núna nr. 3 í röð nýrra verkefna en verkefnið er skilgreint þannig að á árunum 2022 – 2027 verði byggður 27 holu golfvöllur fyrir Golfklúbbinn Setberg í samstarfi við Golfklúbbinn Keili og önnur íþróttafélög.

Áfram verði unnið að hönnun og öðrum nauðsynlegum undirbúningi. Í greinargerð frá klúbbnum sem lögð var fyrir þingið kom eftirfarandi m.a. fram:

Á þeim 26 árum sem liðin eru frá stofnun klúbbsins hafa félagsmenn skipt þúsundum og margir kylfingar tekið sín fyrstu skref á Setbergsvelli.

Aukin áhersla á þéttingu byggðar á höfuðborgarsvæðinu hefur unnið á móti klúbbnum og ljóst að ekki hafa skapast þær aðstæður að skipulag yrði aðlagð vellið. Núverandi eigendur þess lands sem völlumurinn stendur á skiluðu nýlega erindi til bæjarráðs Garðabæjar og kölluðu eftir viðhorfi Garðabæjar til þess að vinna breytingar á skipulagi á landinu. Í erindinu kemur fram að eigandi landsins hafi hug á að hefja undirbúning að skipulagi og framkvæmdum á landinu undir byggð.

Það er því ljóst að Golfklúbburinn Setberg þarf að verða sér úti um nýja aðstöðu á allra næstu árum. Í dag eru tæplega 600 félagar í klúbbnum ásamt því að fjöldi annarra kylfinga leikur á Setbergsvelli á ári hverju en eftirspurn í að leika þar golf á síðustu árum hefur verið mikil.

Þar sem nú er unnið að endurskoðun á aðalskipulagi Hafnarfjarðar er mikilvægt að þær hugmyndir sem lagðar hafa verið fram um að næsti golfvöllur í Hafnarfirði verði staðsettur í Selhrauni verði staðfestar og jafnframt verði skoðað hvort ástæða sé til að skoða og útvíkka tengingu við útivistarsvæði í nágrenninu s.s. í Seldal og við Stórhöfða sem liggur að Selhrauni. Í skipulagslýsingu á því svæði er vísað til þess að Seldalur verði græddur upp og jafnaður með sama hætti og gert var þegar golfvöllur Oddfellowa í Urriðavatnsdölum var byggður og þannig mótaðar nothæfar grasflatir til leikja, eins og stendur í greinargerð um Seldal og Stórhöfða.

Golfklúbburinn Setberg leggur áherslu á að eiga aðkomu að hugmyndavinnu við skipulag á svæðinu með það að markmiði að íþróttastarf og skipulagt útivistarstarf verði sem öflugast á svæðinu og í góðri sátt við íbúa og önnur félagasamtök í Hafnarfirði. Mjög mikilvægt er að fengnir verði að verkinu reynslumiklir og hæfir hönnuðir enda gríðarlega mikilvægt að vel takist til þar sem um er að ræða íþrótt- og útivistarmannvirki sem mun þjóna Hafnfirðingum um ókomna tíð. Það er ósk Golfklúbbsins Setbergs að Hafnarfjarðarbær úthluti því landsvæði, sem á núgildandi aðalskipulagi Hafnarfjarðar er ætlað undir golfvöll, til klúbbsins, þannig að framtíðarstaðsetning golfvallarins verði fest í sessi.

Lögð verður áhersla á að uppbyggingin verði gerð í áföngum. Reynt verði að nýta jarðvegsfyllingar og efni á svæðinu til að flýta fyrir fyrsta áfanga vallarins, sem yrði 9 holu völlur, sem gæti leyst Setbergsvöll af hólmi um leið og starfsemi á þeim velli verður hætt.

Mikilvægt er að hægt sé að fullvissa núverandi klúbbmeðlimi um að framtíð hans sé tryggð og sá mikli mannauður sem finna má í klúbbnum nýtist til uppbyggingar á nýjum stað. Gríðarleg aukning iðkenda í golfíþróttinni hefur skapað mikinn þrýsting á uppbyggingu nýrra golfvalla og þá sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu.

Við munum halda áfram í þessari vinnu og leggjum til að fjárfesta í kynningu á verkefninu sem væri hægt að sýna bæjarbúum. Gert er ráð fyrir þessum lið í fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.

Félagsstarfið

COVID-19 hafði ekki mikil áhrif á félagsstarfið yfir sumarið en aðeins fór að horfa til verri vegar þegar leið á haustið vegna fjölgunar á smitum. Sem fyrr þá var góður andi hjá félagsmönnum og frábært að fá að vera hluti af þeim samheldna hópi sem hefur verið tilbúinn að vinna fyrir klúbbinn í gegnum árin.

Takk fyrir samstarfið á árinu.

Högni Friðþjófsen, formaður.

Skýrsla kvennanefndar fyrir árið 2021

Starfið okkar fór vel af stað. Þar sem það voru margar nýjar konur í klúbbum, lögðum við í upphafi áherslu á að kynna kvennastarfið, mánudagstímana og þau mót sem voru framundan. Við hvöttum nýju konurnar í klúbbum til að mæta í mánudagstímana til þess m.a. að kynna þær fyrir þeim sem voru fyrir í klúbbum. Mánudagstímarnir okkar voru vel nýttir og vorum við með allskonar leiki og uppákomur til að hafa gaman. Fyrir þær sem vildu var matur að leik loknum en markmiðið var að hafa gaman og kynnst enn betur.

Við náðum að hafa smá vorfagnað þann 16. júní og mættu um 30 konur. Góður matur var í boði ásamt fordrykk og að sjálfsögðu sá Steini okkar um að spila og syngja eins og honum er einum lagið við mikinn fögnuð kvennanna.

GSE konur fóru í Leiruna þann 28. júní og eins og ávallt fengum við þar frábærar móttökur. Full rúta af GSE konum er bara vísir á frábæran dag eins og raunin varð þann dag.

Við fengum svo Leiru konur til okkar þann 19. júlí. Leiknar voru 9 holur á stóra vellinum og 9 holur á litla vellinum. Fyrir þetta mót þá biðluðum við til kvenna í GSE að koma með smá verðlaun hver og ein. Þau verðlaun sem tókst að útvega fóru langt fram úr okkar björtustu vonum. Verðlaunin sem m.a. voru frá þekktum skartgripahönnuðum hefðu slegið í gegn í hvaða opna móti sem er.



Mjög góð þátttaka var í lokahófinu þar sem 54 konur skráðu sig til leiks og var kominn biðlisti. Spilaðar voru 18 holur í flottu veðri. Fyrir mótið var búið að tala við okkar styrktaraðila með verðlaun. Teiggjafirnar einar og sér náðu verðmæti þátttökugjaldsins. Okkar stóru styrktaraðilar fyrir þetta mót voru Icelandair, Garri, Beiersdorf á Íslandi, Cintamani og þá sérstaklega Vera Design skartgripahönnuður sem eins og árið áður gaf okkur stórkostleg verðlaun. Konurnar í klúbbum sáu um að útvega fullt af flottum verðlaunum. Svo mikið var af verðlaunum að við vorum með allskonar sæti sem unnu til verðlauna. Til að hafa enn meira gaman af þá vorum við með leik eins og á Mastersmótinu en í staðinn fyrir græna jakkann vorum með gyllta sjalið og sú sem átti besta skorið var klædd í sjalið. Birdie drottningin var krýnd svo eitthvað sé nefnt.

Eftir góðan mat, stórkostlega verðlaunaafhendingu og mörg úrdráttarverðlaun var kvöldið toppað með tónlistarmanninum Jóni Sig (500 kallinum). Hann var klappaður upp aftur og aftur og beðinn að fara ekki. Hann sagði við eina úr stjórn kvennaklúbbsins að ef hann þyrfti ekki að fara annað að spila þá yrði hann svo sannarlega lengur. Hann hafði sjaldan spilað fyrir svo skemmtilegar konur í svona miklu stuði.



Við vorum að vonast til að geta haldið út fullu starfi eftir lokamótið okkar en veður hafði þar mikið að segja þar sem mikið af lægðum voru að heimsækja okkur. En ávallt var reynt að halda í jákvæðni og hafa gaman af.

Óhætt væri að segja að starfið okkar í sumar hafi einkennst af jákvæðni og gleði þar sem ávallt var reynt að gera það besta úr ástandinu ef veðrið var að stríða okkur. Það sem við sáum koma út úr starfinu var að það mynduðust vinkonuhópar og þá konur sem þekktust ekkert áður. Já, það má með sanni segja að golfið spyrji ekki um stétt eða stöðu. Við erum bara að hafa gaman og spila okkar frábæru íþrótt.

Lifið heil og takk fyrir mjög skemmtilegt sumar 2021

Ágústa Hera Birgisdóttir
Guðný Ósk Hauksdóttir
Sigríður Lilja Samúelsdóttir

Skýrsla karlklúbbsins fyrir árið 2021.

Sumarið byrjaði með því að hittumst 11. maí og var þá tekin upp sú nýjung að menn skráðu sig í mót í gegnum Golfboxið til að taka þátt í þriðjudagsgolfinu. Þetta gekk vel og eru flestir komnir með þetta á hreint en þetta hefur auðveldað allt utanumhald með keppnum ásamt því að þetta hjálpar fólkinu í skálanum að áætla hversu margir verða í mat o.s.frv.

Það hafa verið að mæta á bilinu 25-65 á þriðjudögum en mjög góð mæting var fyrri part sumars en minnkaði þegar líða tók á haustið enda veðrið ekki upp á það besta.

Hrútamótið var á sínum stað og er almenn ánægja með þennan vinskap sem hefur skapast milli klúbbfélaga Golfklúbbs Suðurnesja og Setbergsgolfklúbbs. Eins og venja hefur verið þá áttum við að byrja fyrsta mótið í Leirunni 28. maí, en vegna veðurs frestaðist það og tókum við á móti Suðurnesjamönnum í byrjun júlí og vorum við með forystu eftir þá viðureign. Í byrjun ágúst tóku Suðurnesjamenn á móti okkur þar sem þeir áttu stórleik og unnu upp forskotið. Þar með eru GS-menn Hrútameistarar þetta árið, en stefnt er á að ná titlinum til baka næsta sumar.

Fótboltamótið var svo þann 13. ágúst og montréttinn misstu Leedsarar til Tottenham!!! þar sem Rósmundur fór holu í höggi á 4. holu á litla vellið og tryggði honum og Friðgeiri sigurinn.



Frábær mæting og góð skemmtun eins og alltaf.

Bangsamótið var haldið í grenjandi rigningu í september og unnu karlarnir með 10 punkta mun og verður bangsinn því í bláu þar til næst.

Loka mót karlastarfsins og uppskeruhátíð var haldið 1. október með mat, veigum og stuði. Færri komust en vonast var til og verður tekið til skoðunar að halda uppskeruhátíð karlastarfsins fyrr á næsta ári svo sem flestir komist.

Annað var það nú ekki.

Kkv.

Stjórnin.

Úrslit móta 2021

Forkeppni bikars – 29. maí

Punktamót - karlar

- | | | | |
|----|----------------------------|---|---------|
| 1. | Gunnar Óli Gústafsson | – | 20 pkt. |
| 2. | Sigurður Óli Guðnason | – | 19 pkt. |
| 3. | Edward Alexander Eiríksson | – | 19 pkt. |

Punktamót - konur

- | | | | |
|----|-------------------------------|---|---------|
| 1. | Sigríður Helga Guðmundsdóttir | – | 17 pkt. |
| 2. | Elín Reynisdóttir | – | 14 pkt. |
| 3. | Indré Mandzickaité | – | 14 pkt. |

Jónsmessa – 27. júní - Setbergsscramble

Sigurliðið :

Magnús, Hrafn, Vilborg og Orri



Meistaramót GSE – 6. – 9. júlí

72 holur – Höggleikur

Meistaraflokkur karla

- | | | |
|------------------------------|---|-----------|
| 1. Ólafur Hreinn Jóhannesson | – | 303 högg. |
| 2. Helgi Birkir Þórisson | – | 305 högg. |
| 3. Hrafn Guðlaugsson | – | 306 högg. |

Fyrsti flokkur karla

- | | | |
|------------------------------|---|-----------|
| 1. Sigurður Óli Guðnason | – | 322 högg. |
| 2. Ólafur Haukur Guðmundsson | – | 350 högg. |
| 3. Gunnar Ármannsson | – | 351 högg. |

Annar flokkur karla

- | | | |
|-----------------------------|---|-----------|
| 1. Sigurður Ben Guðmundsson | – | 340 högg. |
| 2. Þórður Dagsson | – | 344 högg. |
| 3. Jón Birgir Gunnarsson | – | 344 högg. |

Þriðji flokkur karla

- | | | |
|----------------------------|---|-----------|
| 1. Andrés Þórarinnsson | – | 359 högg. |
| 2. Hreiðar Geir Jörundsson | – | 370 högg. |
| 3. Arnar Svansson | – | 380 högg. |

Fjórti flokkur karla - punktar

- | | | |
|----------------------|---|----------|
| 1. Stefán Björnsson | – | 152 pkt. |
| 2. Einar Skaftason | – | 148 pkt. |
| 3. Pálmar Garðarsson | – | 138 pkt. |

Kvennaflokkur - höggleikur

- | | | |
|------------------------------|---|-----------|
| 1. Valgerður Bjarnadóttir | – | 369 högg. |
| 2. Heiðrún Harpa Gestsdóttir | – | 378 högg. |
| 3. Herdís Hermannsdóttir | – | 386 högg. |

Kvennaflokkur – 4 dagar - punktar

- | | | |
|-----------------------------|---|----------|
| 1. Erla Eiríksdóttir | – | 162 pkt. |
| 2. Ágústa Hera Birgisdóttir | – | 147 pkt. |
| 3. Guðný Ósk Hauksdóttir | – | 136 pkt. |

Kvennaflokkur – 3 dagar - punktar

- | | | |
|------------------------------------|---|----------|
| 1. Sigrún Eir Héðinsdóttir | – | 116 pkt. |
| 2. Anna Hedvig Þorsteinsdóttir | – | 109 pkt. |
| 3. Margrét Ósk Guðjónsd. Sivertsen | – | 101 pkt. |

Öldungaflokkur – 3 dagar - punktar

- | | | |
|----------------------|---|----------|
| 1. Hörður Gunnarsson | – | 113 pkt. |
| 2. Gissur Ísleifsson | – | 101 pkt. |
| 3. Guðni Guðfinnsson | – | 99 pkt. |

Opna Setbergsmótið – 6. ágúst

Punktar

- | | | | | |
|----|--------------------------|-----|---|---------|
| 1. | Hafþór Smári Sigmundsson | GSE | – | 40 pkt. |
| 2. | Siggeir Vilhjálmsson | GSE | – | 40 pkt. |
| 3. | Chabane Ramdani | GKG | – | 40 pkt. |

Besta skor án forgjafar

- | | | | | |
|----|----------------------|-----|---|----------|
| 1. | Siggeir Vilhjálmsson | GSE | – | 68 högg. |
|----|----------------------|-----|---|----------|

Fótboltamótið – 15. ágúst

Texas scramble

1. Sæti: Rósmundur H. Rósmundsson og Friðgeir Guðmundsson
2. sæti: Kristján Ólason og Þorsteinn Ólason
3. sæti: Árni Björn Erlingsson Magnús Björgvinsson



Bangsamótið. Karlarnir unnu þetta árið.

Bændaglíma – 2. október - Setbergsscramble

Sigurvegararnir

Magnús, Árni, Herdís og Málfríður



Golfklúbburinn Setberg

Rekstrarreikningur ársins 2021

	2021	2020
Rekstrartekjur:		
Félagsgjöld innheimt hjá GK	37.517.385	27.912.522
Tekjur af sölu vallargjalda	13.960.112	14.098.019
Tekjur af æfingasvæði	668.500	335.600
Styrkir og framlög	2.451.500	2.924.000
Tekjur af mótum	1.252.000	1.692.000
Framlag ÍSÍ vegna Lotto	738.266	682.284
Framlag ÍSÍ vegna Getrauna	94.906	34.626
Vaxtatekjur	42.713	266.901
Unglinganámskeið	85.000	171.900
Vörusala	2.455.500	0
Rekstrartekjur samtals	59.265.882	47.945.952
Rekstrargjöld:		
Aðkeypt þjónusta	2.100.000	1.974.590
Félagaskattur GSÍ	3.046.400	2.224.800
Sveitakeppni karla og kvenna	539.128	560.933
Umsjón skála	0	1.691.200
Verðlaun í mót - umsjón	623.328	345.795
Kostnaður v/stjórnar nefnda	107.125	111.500
Innheimtukostnaður	139.095	215.648
Leiga á landi	5.986.400	5.730.400
Leiga á geymsluhúsnæði	2.000.000	2.000.000
Leiga á vélum / landi	500.000	750.000
Laun og launatengd gjöld	17.015.550	12.067.876
Viðhald og rekstur vallar	1.567.611	1.176.619
Viðhald og rekstur véla	2.379.352	1.790.502
Rekstur skála	1.934.586	1.713.279
Vörur	2.292.363	0
Stækkun golfskáli-vélageymsla-ræsishús	4.259.242	1.711.135
Ræsing og umsjón	312.500	1.350.000
Afskriftir	3.646.950	3.337.734
Unglinganámskeið	465.000	445.000
Boltar og mottur	654.344	575.680
Vökvunarkerfi	371.572	604.314
Styrkur vegna rannsókna á kolefnisjöfnu	0	150.000
Ýmis kostnaður	303.230	278.286
Rekstrargjöld samtals	50.243.776	40.805.291
Hagnaður ársins	9.022.106	7.140.661

Golfklúbburinn Setberg

Efnahagsreikningur ársins 2021

Eignir	2021	2020
Fastafjármunir:		
Sláttuvélar 2011	55.000	55.000
Golfbíll	22.500	22.500
Sláttuvélar 2012	75.000	75.000
Æfingasvæði / malbikun	600.000	800.000
Ræsishús 2014	150.000	200.000
Brautarsláttuvél 2014	450.000	1.098.000
Boltavél	128.000	153.600
Gámur 2015	101.680	244.032
Gámar, vélar og tæki	1.534.500	1.813.500
Röfsláttuvél 2019	6.615.372	7.497.422
Sturtuvagn 2019	338.100	386.400
WC - hús 2019	245.000	280.000
Flatarsláttuvél 2020	2.922.362	3.247.069
Vinnu golfbíll 2020	1.506.600	1.674.000
Sandari 2020	991.069	1.101.188
Stækkun golfskáli 2020	4.000.000	3.000.000
Ræsishús 2020	1.350.000	1.500.000
Vélageymsla 2020	1.350.000	1.500.000
Teigavél	300.000	0
Flatarsláttuvél	500.000	0
Dráttarvél m/ámoksturstækjum	2.403.529	0
Teigavél 2021	3.484.299	0
Fastafjármunir samtals	29.123.011	24.647.711

Veltufjármunir:

Banka innistæður Íslandsbanki	18.765.676	14.689.257
Banka innistæður Landsbankinn	1.508.535	1.038.148

Veltufjármunir samtals:

Eignir alls

20.274.211	15.727.405
49.397.222	40.375.116

Skuldir og Eigið fé

Eigið fé

Eigið fé flutt frá fyrra ári	40.375.116	33.234.455
Hagnaður	9.022.106	7.140.661

Eigið fé samtals

49.397.222	40.375.116
-------------------	-------------------

Skuldir

Skuldir samtals

Skuldir og eigið fé alls

0	0
0	0
49.397.222	40.375.116

Áritun skoðunarmanna og gjaldkera.

Höfum yfirfarið ársreikning (efnahags- og rekstrarreikningur) fyrir Golfklúbbinn Setberg vegna ársins 2021 og er hann í samræmi við bækur félagsins. Það er álit okkar að ársreikningur þessi gefi góða mynd af fjárhag félagsins.

Pétur Einarsson, gjaldkeri.

Örn Andrésson og Einar Sigurðsson, skoðunarmenn.

Gjaldkeri og skoðunarmenn staðfesta framangreint með rafrænni undirskrift í samræmi við lög nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti.

Skýrsla og áritun stjórnar

Að áliti stjórnar Golfklúbbsins Setbergs koma fram í ársreikningi þessum allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til þess að glöggva sig á stöðu félagsins 30. nóvember 2021, rekstrarreikningi frá 1. desember 2020 til 30. nóvember 2021 og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn Golfklúbbsins Setbergs staðfestir hér með ársreikning klúbbsins með áritun sinni.

Hafnarfirði, 6. desember 2021

Högni Friðþjófsson

Pétur Einarsson

Þórarinn Sófussón

Sigrún Eir Héðinsdóttir

Elín Reynisdóttir

Fríða Björg Leifsdóttir

Karl Ísleifsson

Undirritunarsíða

Högni Friðbjófsson



Undirritað af:
Högni Friðbjófsson
0704723689
Dags: 07.12.2021
Tími: 17:43:30
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: c9dd1729-
fa13-4094-b857-
370562080ea1

Þórarinn Karl Sófusson



Undirritað af:
Þórarinn Karl Sófusson
0410384389
Dags: 07.12.2021
Tími: 17:45:11
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: c9dd1729-
fa13-4094-b857-
370562080ea1

Karl Ísleifsson



Undirritað af:
Karl Ísleifsson
1604623539
Dags: 07.12.2021
Tími: 17:45:55
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: c9dd1729-
fa13-4094-b857-
370562080ea1

Sigrún Eir Héðinsdóttir



Undirritað af:
Sigrún Eir Héðinsdóttir
0610673889
Dags: 07.12.2021
Tími: 18:19:06
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: c9dd1729-
fa13-4094-b857-
370562080ea1

Elín Reynisdóttir



Undirritað af:
Elín Reynisdóttir
0903584729
Dags: 07.12.2021
Tími: 17:46:29
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: c9dd1729-
fa13-4094-b857-
370562080ea1

Fríða Björg Leifsdóttir



Undirritað af:
Fríða Björg Leifsdóttir
0511774609
Dags: 07.12.2021
Tími: 17:48:44
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: c9dd1729-
fa13-4094-b857-
370562080ea1

Einar Sigurðsson



Undirritað af:
Einar Sigurðsson
3112715719
Dags: 07.12.2021
Tími: 17:47:45
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: c9dd1729-
fa13-4094-b857-
370562080ea1

Örn Andrésson



Undirritað af:
Örn Andrésson
1908513039
Dags: 07.12.2021
Tími: 17:52:11
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: c9dd1729-
fa13-4094-b857-
370562080ea1

Pétur Einarsson



Undirritað af:
Pétur Einarsson
2106564809
Dags: 07.12.2021
Tími: 17:42:34
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: c9dd1729-
fa13-4094-b857-
370562080ea1